

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2002

5. júní 2002

1187

Nr. 412

AUGLÝSING

um endurskoðun deiliskipulags íþróttá- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags íþróttá- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ þar sem m.a. er gert ráð fyrir viðbyggingum við Hofstaðaskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ, byggingu íþróttahúss og fjölgun bílastæða. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 5. júní 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

5. júní 2002

Nr. 413

REGLUGERÐ

um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2002/2003.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiaríð 1. september 2002 til 31. ágúst 2003 er leyfilegur heildarafla sem hér segir:

Tegund	Lestir
Porskur	179.000
Karfi	60.000
Ýsa	55.000
Ufsi	37.000
Grálúða	23.000
Steinbítur	16.000
Skráþflúra	5.000
Skarkoli	5.000
Sandkoli	4.000